

# U. 7/8. 2. 26 Ísland í ljóma

## I.

Það var fróðlegt erindi sem prófessor Guðbrandur Jónsson flutti í útvarpinu í kvöld um bæinn suður í Pyreneafjöllum, þar sem hefir í tíð þeirra manna sem enn eru á lífi, fjölgað íbúum úr 100 upp í 15000, og þar sem svo er gestkvæmt, að svara mundi til þess að hingað til Reykjavíkurkæmi miljón ferðamanna ár hvert. Og þó hefðu fyrir fáeinum áratugum jafnvel hinir glöggskygnustu menn talið í ólífvænlegra lagi þarna á staðnum og lítilla framfaravon.

Tvennskonar skilningi ber mest á þegar ritað er og rætt um þennan bæ, Lourdes, og það sem þar gerist. Annarsvegjar er því haldið fram, að þarna sé helst um svik að ræða og lygi; menn sé brögðum beittir og blekki sjálfa sig. En þó eru hin svonefndu kraftaverk þarna svo vel rannsökuð og vottfest, að það virðist ekki skynsamlegt að efast um að þau eigi sér stað. Hin skilningurinn er, að þarna hafi guð og María mey rofið náttúrulögmálið í því skyni að birta dýrð sína og hjálpa bágstöddum. En einnig þetta er misskilningur. Það sem þarna gerist er ekki yfirnáttúrlegra þó að það sé óvenjulegra, heldur en hin hressandi áhrif

sólskinsins sem lá svo hjart yfir klökugu landi í dag. Mætti minna á það hvernig menn 17. og 18. aldar tala um rafljósa-gang í sambandi við jarðelda eins og yfirnáttúrlega fyrirburði.

## II.

Það sem orðið hefir í Lourdes gæti orðið hér á Íslandi og þúsund sinnum betur. Því að þarna í Lourdes eru það ekki nema fáeinir af öllum fjöldanum, sem fá lótt meina sinna, og er það af því að ekki er rétt að farið, þekkingu vantar. En verulega vel er ekki fyr en allir geta fengið hölva bætur, og svo mun verða þegar af visindum er að verið. Og upphaf þeirra visinda er þegar fengið; eða ótvíræð bending um það í hvaða átt sannleikans er að leita. Líf-magnan er um að ræða og samstillingu til sambands við íbúa stjarnanna. Og ef bygt er á fullkonnari þekkingu á magnanarskilyrðum, geta mjög furðuleg tíðindi orðið og þannig, að enginn leiti svobóta við meinum sínum að ekki fái. Og ekki einungis það. Ekki einungis sjúkum mun hjálpað verða heldur einnig heilbrigðum, þannig að þeir verði í alla staði fullkonn-

ari menn og hæfari til að lifa og vinna hin vandasömu verk sem vinna þarf.

### III.

Hvilikur ljómi mun yfir Íslandi verða þegar sól sannleikans fær hér loksins að skína. Og hversu það sem lifað er á, mun verða frábrugðið flestu því sem haldið hefir verið þangað til fyrir skemstu. Hversu dýrmætt mun oss verða hálendið og jöklarnir þegar loftslagið fer eindregið batnandi. Og hvilik hús munu verða reist, jafnvel þar sem ekki hefir einu sinni þótt fært að hafa hið aumasta sæluhús eða gangnamannakofa. Hingað mun leita hið norræna kyn til að finna sjálf sig og til að eflast svo að það geti leyst af hendi hlutverk sitt og bjargað mannkyninu; en þar er öll þörfin á. Og Ísland mun reynast, þegar um lífmagnan er að ræða og samband við æðri verur, ýmsum þeim kostum búið, sem ekki er að finna í þeim löndum sem miklu betri eru talin. Hér hafa aldrei byggt mannætur, aldrei steinaldarfólk. Alt frá landnámstíð hafa hér verið til málsnillingar svo miklir að vér munum sum orð þeirra ennþá, drenglundadjar hetjur og fagrar og ágætar konur.

### IV.

Að visu er nú ógurlegt um að litast og syrtir mjög að úr ýmsum áttum. Og víða um lönd er nú slysamamt svo að fádæmum sætir. Vér lifum á úrslitatinnum mannkynssögunnar meiri en nokkru sinni hafa verið áður, og hæltunnar fara því meir í vöxt, því lengur sem það dregst að hin rétta stefna sé tekin. En á þessu geta skjót umskifti orðið, því að svo má heita að höndin sé útrétt sú sem oss getur hjálpað.

Í áshelgum ljóma þá Ísland þar stóð, segir skáld það sem mér virðist íslenskast verið hafa, Þorsteinn Erlingsson. Og svo mun aftur verða. Æsir munu aftur koma við sögu Íslands, og betur en áður. Og Ásynjur. Hversu fögur eru nöfn þeirra, Frigg, Friðig, sú sem veitir frið, eða friður fylgir. Og Sif, sú sem sefar þrá; Iðunn og Nanna, hinar ágætu húsfreyjur. Og ekki er það til að niðra gyðjunum, sem eg segi, að af ennþá bjartari verum en þeim sem forfeður vorir trúðu á og formæður, mun birtu leggja yfir framtíð Íslands.

Febr.

Helgi Pjeturss.